

AUGLÝSING um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Svanabyggð í landi Efra-Sels.*
Í breytingunni felst að lóð nr. 7 stækkar til norðurs og suðurs úr 2.211 m² í 3.524 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 11. febrúar 2009.
2. *Deiliskipulag frístundabyggðarinnar Sléttubyggð í landi Efra-Sels.*
Í skipulaginu felst að á 4,2 ha svæði er gert ráð fyrir 7 frístundalóðum. Stærð lóða er á bilinu 5.100 – 5.451 m². Heimilt er að reisa 150 m² frístundahús eða allt að 120 m² frístundahús og 30 m² gestahús/geymslu. Hámarkshæð húsa er 6 m.
Samþykkt í sveitarstjórn 11. febrúar 2009.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlutið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 21. apríl 2009.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 5. maí 2009